



Framkvæmdasýsla ríkisins (FSR) er leiðandi afl á sviði opinberra framkvæmda og húsnæðisöflunar. Markmið okkar er auka skilvirkni, hagkvæmni, gæði og samfélagslegan ávinning við framkvæmdir og húsnæðisöflun á vegum ríkisins. FSR er í fararbroddi við að innleiða vistvænar vinnuaðferðir og upplýsingalíkön mannvirkja (BIM) í byggingariðnaði á Íslandi. FSR vinnur samkvæmt vottuðu gæðastjórnunarkerfi ISO 9001 og er stöðugt unnið að því að auka gæði í starfsemi stofnunarinnar.

Meðal verkefna sem FSR vinnur að um þessar mundir eru undirbúningur uppbyggingar hjúkrunarheimila víða um land, Hús íslenskunnar, ný skrifstofubygging Alþingis, gestastofur í þjóðgörðum, viðbygging við stjórnarráðshúsið, þróun stjórnarráðsreits og ofanflóðaverkefni víða um land, auk fjölbreyttra húsnæðisöflunarverkefna þar sem unnið er markvisst að innleiðingu nýjunga í skipulagi vinnuumhverfis.

Lögð er áhersla á að starfsfólk sýni frumkvæði, fagmennsku og þjónustulund, njóti sín í starfi og hafi möguleika á að auka þekkingu sína og reynslu með markvissum hætti. Laun eru samkvæmt gildandi kjarasamningi fjármála- og efnahagsráðherra og viðkomandi stéttarfélags.

Umsóknir gilda í 6 mánuði frá því að umsóknarfrestur rennur út.

Hefur þú brennandi áhuga á verklegum framkvæmdum?

Vegna aukinna verkefna leitar Framkvæmdasýsla ríkisins að drifandi og framsýnum liðsmönnum til að taka þátt í verkefnastjórnun framkvæmda ásamt framþróun verklags og aðferðafræði í verklegum framkvæmdum á vegum hins opinbera. Um er að ræða krefjandi og fjölbreytt störf með miklum þróunarmöguleikum.

Leiðandi verkefnastjóri

Helstu viðfangsefni og ábyrgð:

- Verkefnastjórnun stærri framkvæmda
- Rekstur verk- og eftirlittsamninga
- Gerð samninga og kostnaðaráætlana og eftirfylgni þeirra
- Þátttaka í undirbúningi verkefna og rýni verkefna á hönnunar- og útboðsstigi
- Ráðgjöf til ráðuneyta og stofnana um húsnæðismál og verklegar framkvæmdir
- Þátttaka í umbótaverkefnum FSR er varða eflingu íslensks byggingamarkaðar

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólapróf í verk-, tækni- eða byggingafræði. Meistarapróf er kostur
- Umfangsmikil reynsla af verkefnastjórnun á sviði verklega framkvæmda er nauðsynleg
- Þekking á ÖHU-málum (öryggis-, heilbrigðis- og umhverfismálum) er nauðsynleg
- Leiðtogahæfileikar, frumkvæði, sjálfstraust og öguð vinnubrögð
- Jákvætt viðhorf og afburða hæfni í samskiptum og lausn ágreiningsmála
- Reynsla af hönnun er kostur
- Þekking á BIM og á hugmyndafræði vistvænnar hönnunar er kostur
- Góð íslensku- og enskukunnátta og hæfni í tjáningu í ræðu og riti
- Brennandi áhugi á eflingu íslensks byggingamarkaðar

Aðstoðarverkefnisstjóri

Helstu viðfangsefni og ábyrgð:

- Þátttaka í verkefnastjórn framkvæmda
- Þátttaka í undirbúningi verkefna og rýni verkefna á hönnunar- og útboðsstigi
- Þátttaka í gerð samninga og kostnaðaráætlana og eftirfylgni þeirra
- Þátttaka í ráðgjöf til ráðuneyta og stofnana um húsnæðismál og verklegar framkvæmdir
- Þátttaka í umbótaverkefnum FSR er varða eflingu íslensks byggingamarkaðar

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólapróf í verk-, tækni-, eða byggingafræði
- Reynsla af verkefnastjórnun á sviði verklega framkvæmda er kostur
- Þekking á ÖHU-málum (öryggis-, heilbrigðis- og umhverfismálum) er kostur
- Reynsla af hönnun er kostur
- Þekking á BIM og á hugmyndafræði vistvænnar hönnunar er kostur
- Frumkvæði, sjálfstraust og ögun í vinnubrögðum
- Jákvætt viðhorf og færni í mannlegum samskiptum og miðlun efnis
- Góð íslensku- og enskukunnátta og hæfni í tjáningu í ræðu og riti
- Brennandi áhugi á eflingu íslensks byggingamarkaðar

Áhugasamir einstaklingar, af öllum kynjum, eru hvattir til að sækja um starfið

Nánari upplýsingar veita Thelma Kristín Kvaran (thelma@intellecta.is) og Þórður S. Óskarsson (thordur@intellecta.is) í síma 511-1225. Umsóknarfrestur er til og með 18. júní 2019. Umsókn óskast fyllt út á www.intellecta.is og henni þarf að fylgja starfsferilsskrá og kynningarbréf. **Öllum umsóknum verður svarað að ráðningu lokinni.**
Intellecta, Síðumúli 5, 108 Reykjavík, sími 511 1225.

intellecta
Ráðgjöf • Ráðningar • Rannsóknir

RÁÐNINGAR

Hver einstök ráðning er mikilvæg fjárfesting og er hagur bæði fyrirtækis og viðkomandi einstaklings að vel takist til.

intellecta

Síðumúla 5 • 108 Reykjavík • 511 1225 • intellecta.is

Starfsfólk óskast í fjölbreytt störf á Norðurlandi vestra



Viltu minni tíma í umferðinni og meiri tíma með fjölskyldunni?

Á vef Samtaka sveitarfélaga á Norðurlandi vestra er að finna upplýsingar um áhugaverð störf í boði í landshlutanum:

www.ssnv.is

Norðurland vestra nær frá Hrútafirði í vestri yfir í Skagafjörð í austri. Þar er að finna fjölskylduvæn samfélög í nálægð við stórbrotna náttúru. Tímstundastarf er fjölbreytt og menningarlífið gróskumikið. Hér eiga allir að finna eitthvað við sitt hæfi.

EPOXY FLEX
GÓLFLAGNIR

Starfsfólk óskast!

Óskum eftir starfsfólki í almenna iðnaðarvinnu.
Góð laun og fríðindi í boði.
Ekki yngri en 18 ára.

Upplýsingar í síma 892 0378.



SLÖKKVILIÐSMENN ÓSKAST

Brunavarnir Árnessýslu auglýsa eftir tveimur slökkviliðsmönnum til þess að vinna í útkallsliði á dagvinnutíma. Um framtíðarstörf er að ræða og munu þeir sem ráðnir eru fá nauðsynlega menntun og þjálfun til að sinna starfinu, fyrir utan meirapróf sem hver og einn þarf að taka sjálfur.

Starfsmenn slökkviliðsins þurfa að vera tilbúnir til þess að taka að sér ýmis störf tengd starfsemi slökkviliðsins auk þess að starfa á útkallssviði. Aðalstarfsstöð þeirra sem ráðnir verða er á Selfossi en starfssvæði slökkviliðsins er öll Árnessýsla.

Umsóknir berist:

Rafrænt á ba@babubabu.is
Í blaðaformi í afgreiðslu Brunavarna Árnessýslu, Árvegi 1 á Selfossi, á skrifstofutíma.

Umsóknarfrestur er til 19. júní næstkomandi.

Sjá nánar á heimasíðu Brunavarna Árnessýslu babubabu.is og Fésbókarsíðu.



Heilbrigðisstofnun Norðurlands (HSN) Sauðárkróki Laus störf

Heilbrigðisstofnun Norðurlands auglýsir laus störf yfirhjúkrunarfræðings svæðis og yfirhjúkrunarfræðings heilsugæslu á Sauðárkróki. Um er að ræða 100% stöður sem veittar eru frá 1. október 2019. Uprptökusvæði HSN Sauðárkróki er Skagafjörður, utan Fljóta.

Yfirhjúkrunarfræðingur svæðis

Næsti yfirmaður er framkvæmdastjóri hjúkrunar.

Helstu verkefni og ábyrgð

- Er yfirmaður hjúkrunar á starfsstöð HSN á Sauðárkróki og annarrar stöðstarfsemi samkvæmt skipuriti
- Hefur yfirumsjón með gæðamálum, ráðningum og þjálfun starfsmanna og sinnir skyldum verkefnum
- Stuðlar að þekkingarþróun í hjúkrun með því að hvetja til rannsókna og nýta rannsóknarniðurstöður
- Tekur þátt í gerð áætlana varðandi rekstur
- Tryggir að rekstur og starfsmannamál séu í samræmi við fjárhagsáætlun
- Tekur þátt í þverfaglegu samstarfi, þróun þjónustu og stjórnun verkefna á starfsstöðinni og þvert á stofnun
- Er með svæðisumsjón
- Stuðlar að góðri vinnustaðamenningu

Hæfnikröfur

- Íslenskt hjúkrunarleyfi og a.m.k. 5 ára starfsreynsla við hjúkrun
- Viðbótarmenntun á sviði heilbrigðisvísinda, viðskiptafræði eða stjórnunar æskileg
- Reynsla af stjórnun er æskileg
- Góð tölvukunnátta æskileg
- Framúrskarandi samskiptahæfni
- Frumkvæði og metnaður til að ná árangri

Nánari upplýsingar veita

Guðný Friðriksdóttir, framkvæmdastjóri hjúkrunar - gudnyf@hsn.is – s. 432 4030
Bryndís Lilja Hallsdóttir, mannauðsstjóri - bryndis.lilja.hallsdottir@hsn.is – s. 432 4050

Yfirhjúkrunarfræðingur heilsugæslu

Næsti yfirmaður er yfirhjúkrunarfræðingur svæðis á Sauðárkróki.

Helstu verkefni og ábyrgð

- Ber faglega, rekstrarlega og stjórnunarlega ábyrgð
- Skipulagning og stjórnun hjúkrunarþjónustu og þátttaka í klínisku starfi
- Ber ábyrgð á starfsmannahaldi heilsugæslunnar í samvinnu við yfirmann
- Er ábyrgur fyrir gæðapróun á sínu sviði og í samræmi við stefnu stofnunarinnar
- Tekur þátt í gerð áætlana fyrir heilsugæsluna
- Tekur þátt í þverfaglegu samstarfi, skipulagningu og þróun þjónustu og verkefnum þvert á stofnunina.

Hæfnikröfur

- Íslenskt hjúkrunarleyfi og a.m.k. 5 ára starfsreynsla við hjúkrun
- Reynsla af heilsugæsluhjúkrun æskileg
- Viðbótarmenntun á sviði heilbrigðisvísinda eða stjórnunar æskileg
- Góð tölvukunnátta æskileg
- Jákvæðni, sveigjanleiki og góð samskiptahæfni
- Frumkvæði og metnaður til að ná árangri

Nánari upplýsingar veita

Herdís Klausen, yfirhjúkrunarfræðingur svæðis - herdis.klausen@hsn.is – s. 455 4011
Guðný Friðriksdóttir, framkvæmdastjóri hjúkrunar - gudny.fridriksdottir@hsn.is – s. 432 4030

Laun eru samkvæmt gildandi kjarasamningi sem fjármála- og efnahagsráðherra og Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga hafa gert.

Með umsókn skal fylgja afrit af prófskírteini, íslenskt hjúkrunarleyfi og náms- og starfsferilsskrá.

Öllum umsóknum verður svarað. Áskilinn er réttur til að hafna umsóknum ef einstaklingar uppfylla ekki framangreind skilyrði. Sótt er um rafrænt á www.starfatorg.is eða www.hsn.is (laus störf).

Tóbaksnotkun og notkun á rafsigarettum er ekki heimiluð á vinnutíma innan HSN.

Gildi HSN eru - fagmennska, samvinna, virðing.

Umsóknarfrestur er til og með 20. júní 2019



Barnaverndarstofa

Barnaverndarstofa hefur í rúma tvo áratugi verið leiðandi í þjónustu við börn, þróun vandaðra vinnubragða og innleiðingu gagnreyndra aðferða. Stofnunin stendur á tímamótum vegna aukinna verkefna og eftirspurnar eftir þjónustu og leitar að öflugum sérfræðingum til starfa.

Eftirfarandi störf eru laus til umsóknar:

- Sérfræðingur á ráðgjafar- og fræðslusviði
- Sérfræðingur á meðferðar- og fóstursviði
- Tvær stöður sálfræðinga á Studlum
- Staða teymisstjóra í MST
- Sálfræðingar / félagsráðgjafar í stöður tveggja MST-þerapista

Upplýsingar um störf og kröfur til umsækjenda má finna á Starfatorgi, www.starfatorg.is

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi ríkisins og viðkomandi stéttarfélags. Tekið er mið af jafnréttisáætlun Barnaverndarstofu við ráðningar á stofuna.

Framlengdur umsóknarfrestur er til og með 15. júní nk.

Nánari upplýsingar eru veittar hjá Guðrínu Sigurjónsdóttur, fjármála- og mannauðsstjóra Barnaverndarstofu, í síma 530-2600 eða gudruns@bvs.is.

Umsóknir skulu berast til Barnaverndarstofu, Borgartúni 21, 105 Reykjavík eða á netfangið bvs@bvs.is. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

Allar umsóknir gilda í sex mánuði frá birtingu ef starf losnar að nýju innan þess tíma.

Lögfræðingur útleigusviðs

Starf lögfræðings útleigusviðs Eikar fasteignafélags er krefjandi og fjölbreytt. Eitt meginhlutverk hans er stuðningur við útleigusvið með gerð leigusamninga og skjalagerð. Lögfræðingur útleigusviðs styður einnig við húsumhyggju- og framkvæmdasvið félagsins með tilfallandi ráðgjöf og verkefnum.

Umsóknarfrestur

9. júní 2019

Starfssvið:

- Samningagerð, yfirllestur leigusamninga og önnur skjalagerð tengd leigumálum.
- Innheimta reikninga og önnur verkefni sem lúta að innheimtumálum.
- Umsjón með vörslureikningi trygginga.
- Lögfræðileg ráðgjöf við útleigu-, húsumhyggju- og framkvæmdasvið.
- Sýna leiguingar félagsins og samskipti við leigutaka.
- Ráðgjöf og eftirlit með þinglýsingum.
- Ýmis önnur tilfallandi verkefni.

Upplýsingar og umsókn

capacent.com/s/13765

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólagráða í lögfræði.
- Reynsla af skjalagerð.
- Mikil hæfni í mannlegum samskiptum.
- Gott vald á íslensku og ensku.
- Drifkraftur og hæfni til að vinna sjálfstætt og í teymi.

EIK
FASTEIGNAFÉLAG

Eik fasteignafélag sérhæfir sig í eignarhaldi og útleigu á atvinnuhúsnæði. Félagið er meðal stærstu fasteignafélaga landsins með rúmlega 300 þúsund fermetra í yfir 100 fasteignum. Um 84% af eignasafni þess er á helstu viðskiptakjöörnum höfuðborgarsvæðisins og eru leigutakar félagsins yfir 450 talsins í yfir 600 leiguingum. Hlutabréf félagsins eru skráð á aðallista Nasdaq Iceland.

Gildi Eikar eru, áreiðanleiki, fagmennska, frumkvæði og léttleiki.

Capacent — leiðir til árangurs

Capacent_

Viltu verða deildarstjóri á veflausnasviði?

Hefur þú reynslu af þróun veflausna eða hugbúnaðar? Kannt þú að virkja teymi til að vinna að sameiginlegu markmiði? Finnst þér gaman að tala við fólk og vera ráðgefandi? Þá gætir þú orðið næsti deildarstjóri á veflausnasviði Advania.

Deildarstjóri sér um daglegan rekstur deildarinnar, styður við heildarmarkmið félagsins og er leiðandi í þjálfun og þróun starfsmanna. Starfið felur í sér sölu og ráðgjöf á veflausnum Advania, forðastýringu verkefna, áætlanagerð og ábyrgð á vöruframboði. Að auki felur starfið í sér stöðug úrbótaverkefni til að auka bæði skilvirkni og gæði þjónustunnar.

Veflausnasvið Advania

Á veflausnasviði Advania starfa sérfræðingar sem veita viðskiptavinum ráðgjöf um alla þætti stafrænna lausna. Við sjáum um þarfagreiningar, viðmótshönnun, grafíska hönnun og smíði markaðstóla. Við sjáum einnig um forritun sérlausna, ytri og innri vefa, vefverslana og þjónustugátta.

Umsóknarfrestur er til 12. júní 2019.

Nánari upplýsingar veitir Hrafnhildur Sif Sverrisdóttir, forstöðumaður veflausna, hrafnhildur.sif.sverrisdottir@advania.is / 440 9000

Tekið er á móti umsóknum á www.advania.is/atvinna

Sími 440 9000 | advania@advania.is | www.advania.is





SVIÐSSTJÓRI KJARAMÁLASVIÐS EFLINGAR

Efling - stéttarfélag óskar eftir að ráða sviðsstjóra kjaramálasviðs.

Helstu verkefni

- Stjórnun og skipulag sviðsins
- Þróun og innleiðing á endurbótum verklags við móttöku og afgreiðslu mála
- Samskipti við félagsmenn og atvinnurekendur
- Samstarf við lögmenn félagsins

Hæfniskröfur

- Reynsla af stjórnun og mannauðsmálum
- Þekking á vinnumarkaðsmálum og kjarasamningum
- Reynsla og þekking á verkefnastjórnun og þróun verkferla
- Rík samskiptahæfni og þjónustulund
- Skipulagshæfni og frumkvæði
- Íslensku- og enskukunnátta



Upplýsingar veitir:

Geirlaug Jóhannsdóttir, geirlaug@hagvangur.is

Umsóknir óskast fylltar út á hagvangur.is.

Umsóknarfrestur er til og með 15. júní nk.

Umsóknum skal fylgja ítarleg ferilskrá og kynningarbréf.

Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu liggur fyrir.

HAGVANGUR SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700



Í hverfum borgarinnar veitir ÍTR margskonar þjónustu sem snýr að frítíma borgarbúa. Þar eru meðal annars sundlaugar, íþróttamiðstöðvar, hjólabrettagarðar og gervigrasvellir. Af starfsemi sem síður er hverfisbundin má nefna Hitt Húsið, Ylströndina, Fjölskyldu- og húsdýragarðinn, sundlaugar og skiðasvæðin.

Í Árbæjarlaug starfa að jafnaði um 20 manns á þrískiptum vöktum. Árbæjarlaug er opin alla virka dag frá klukkan 06:30 til 22:00 og um helgar frá klukkan 08:00 til 22:00 rúmlega 360 daga á ári. Árlega koma um 300 þúsund gestir í laugina.

Nánari upplýsingar um ÍTR og Árbæjarlaug er að finna á: www.reykjavik.is



Forstöðumaður - Árbæjarlaug

Íþrótt- og tómstundasvið Reykjavíkurborgar auglýsir eftir öflugum stjórnanda í starf forstöðumanns Árbæjarlaugar. Viðkomandi þarf að hafa framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum og farsæla reynslu sem stjórnandi.

Helstu viðfangsefni:

- Yfirumsjón með daglegri starfsemi Árbæjarlaugar, t.d. ábyrgð og eftirlit með mannauðsmálum, rekstri, fjármálum og mannvirkjum
- Ábyrgð á að rekstur standist kröfur samkvæmt reglugerðum
- Hluti af framkvæmdastjórn ÍTR og tekur þátt í stefnumótun þjónustunnar og annarri starfsemi á vegum sviðsins
- Styður heilsuefningu borgarbúa með markvissum hætti og leitast við að efla þátttöku borgarbúa í heilbrigðum tómstundum með tengingu við þau náttúrugæði sem Reykjavíkurborg hefur upp á að bjóða

Um er að ræða 100% starf. Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Reykjavíkurborgar og hlutaðeigandi stéttarfélags.

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir borgarinnar endurspegli það margbreytilega samfélag sem borgin er.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Farsæl starfs- og stjórnunarreynsla
- Mikil hæfni í mannlegum samskiptum
- Reynsla af verkefnastjórnun og teymisstarfi
- Hæfni til framsetningar og greiningu gagna og miðlun mikilvægra upplýsinga
- Skipulagsfærni, nákvæmni og hæfileiki til þess að vinna sjálfstætt
- Geta til að vinna vel undir álagi
- Færni í notkun á algengum hugbúnaði sem tengist skrifstofustörfum

Nánari upplýsingar veita Thelma Kristín Kvaran (thelma@intellecta.is) og Þórður S. Óskarsson (thordur@intellecta.is) í síma 511-1225. Umsóknarfrestur er til og með 18. júní 2019. Umsókn óskast fyllt út á www.intellecta.is og henni þarf að fylgja starfsferilsskrá og kynningarbréf. Öllum umsóknum verður svarað að ráðningu lokinni.

Intellecta - Síðumúli 5, 108 Reykjavík, sími: 511 1225.

intellecta
Ráðgjöf • Ráðningar • Rannsóknir

RÁÐGJÖF
RÁÐNINGAR
RANNSÓKNIR

intellecta

Síðumúla 5 • 108 Reykjavík • 511 1225 • intellecta.is



Öryrkjabandalag Íslands (ÖBÍ) er hagsmun- og mannréttindasamtök fatlaðs fólks, öryrkja, einstaklinga með langvinna sjúkdóma og aðstandenda þeirra. Aðildarfélag bandalagsins eru 43 talsins. Hlutverk ÖBÍ er að vinna að samfélagslegu réttlæti, bættum lífsgæðum og kjörum auk þess að vera stefnumótandi í réttindamálum hagsmunahópsins. Öflun og miðlun þekkingar er mikilvægur þáttur í starfsemi. Þá tekur ÖBÍ þátt í erlendu samstarfi. Skrifstofur ÖBÍ eru í góðu og aðgengilegu húsnæði í Sigtúni 42, Reykjavík.

Nánari upplýsingar á obi.is.

Fjölmíðlafulltrúi: 75-100% starf

Öryrkjabandalag Íslands óskar eftir að ráða til starfa fjölmíðlafulltrúa með brennandi áhuga á mannréttindum. Fjölmíðlafulltrúinn sinnir fjölbreyttum verkefnum sem snúa m.a. að frétt- og greinaskrifum, samfélagsmiðlun og skipulagningu viðburða.

Helstu verkefni

- Frétta- og greinaskrif
- Fjölmíðlasamskipti og vöktun
- Samfélagsmiðlun
- Heimasíða og Facebook
- Útgáfa vefrits og tímarits
- Viðburðir, ráðstefnur, málþing
- Önnur tilfallandi verkefni

Hæfniskröfur

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Reynsla af skrifum og miðlun upplýsinga
- Starfsreynsla úr fjölmíðlum er æskileg
- Mjög góð íslenskukunnátta og ritfærni
- Færni í ensku og einu Norðurlandamáli
- Góð tölvukunnátta
- Skipulagshæfni, frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð
- Samskiptafærni og þjónustulund

Lögfræðingur: 50% tímabundið starf

Öryrkjabandalag Íslands auglýsir eftir öflugum lögfræðingi í tímabundið starf í 12-14 mánuði.

Starfssvið

- Lögfræðileg ráðgjöf í ýmsum réttindamálum
- Túlkun laga og reglugerða
- Kærur og álitserðir
- Önnur tilfallandi verkefni

Hæfniskröfur

- Meistaragráða í lögfræði
- Þekking á stjórnsluréttri, almannatryggingum og alþjóðlegum mannréttindasamningum eins og samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks er æskileg
- Reynsla og þekking á málefnum fatlaðs fólks og öryrkja er kostur
- Góð íslenskukunnátta er skilyrði. Færni í ensku og einu Norðurlandamáli er æskileg
- Skipulagshæfni, vönduð og sjálfstæð vinnubrögð
- Hæfni í mannlegum samskiptum



Nánari upplýsingar veitir:

Inga S. Arnardóttir,
inga@hagvangur.is

Umsóknir óskast fylltar út á www.hagvangur.is

Umsóknarfrestur er til og með 12. júní 2019.

Fatlað fólk og/eða fólk með skerta starfsgetu er sérstaklega hvatt til að sækja um.

Umsókn skal fylgja ferilskrá og kynningarbréf.

HAGVANGUR SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700



Ritarar, gjaldkerar,
þjónustufulltrúar

hagvangur.is



HAGVANGUR



Alþjóðaskólinn á Íslandi (The International School of Iceland) er frumkvöðull í alþjóðlegri grunnskólamenntun á Íslandi.

Skólinn, sem fagnar í ár 15 ára starfs-afmæli, er með viðurkennda alþjóðlega vottun, sá eini sinnar tegundar hérlendis.

Alþjóðaskólinn á Íslandi leitar að öflugum starfsmanni til að sinna fjölbreyttu og krefjandi skrifstofustarfi

Við leitum að metnaðarfullum aðila til að bættast í okkar hóp og taka þátt í skemmtilegu og spennandi uppbyggingarstarfi með grunnskólabörnum frá öllum heimshörnum.

Viðkomandi er aðstoðarmaður skólastjóra og er um 80-100% starf að ræða. Hann/hún ber ábyrgð á öllu er varðar rekstur skrifstofu skólans sem og almennu skrifstofuhaldi. Hluti starfssviðs er m.a. að tryggja að á skrifstofu séu jafnan til reiðu upplýsingar um hina ýmsu þætti skólastarfsins og innra skipulag. Starfið krefst frumkvæðis, mikilla samskipta- og skipulagshæfileika ásamt skilvirkra vinnubragða.

Helstu verkefni og ábyrgð:

- Hefur umsjón með daglegu starfi á skrifstofu skólans
- Stýrir upplýsingaflæði innan skólans og til forráðamanna
- Sér um skjalavistun skólans
- Sér um að skrá forföll og skipuleggja forfallakennslu
- Hefur umsjón með fjármálum og bókhaldi skólans í samráði við skólastjóra
- Sinnir öðrum þeim störfum sem skólastjóri kann að fela viðkomandi

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólapróf eða sambærileg menntun sem nýtist í starfi
- Fjölbreytt reynsla af skrifstofustörfum
- Mjög góð tölvukunnátta skilyrði og bókhaldsþekking kostur
- Mjög gott vald á íslensku og ensku, töluðu og rituðu máli

- Lausnamiðað viðhorf til flókinna úrlausnarefna
- Framúrskarandi samstarfs- og samskiptahæfileikar
- Frumkvæði og skipulagshæfileikar
- Jákvæðni og ábyrgðarkennd

Við bjóðum:

- Tækifæri til að taka þátt í öflugum frumkvöðlastarfi
- Krefjandi og skemmtilegt starfsumhverfi
- Góðan starfsanda

Nánari upplýsingar um starfsemina má finna á heimasíðu skólans: www.internationalschool.is

Nánari upplýsingar um starfið veitir Hanna Hilmarsdóttir skólastjóri í síma 896-8726 og á netfangi hanna@internationalschool.is

Umsóknir sendist á netfangið hanna@internationalschool.is eigi síðar en 7. júní 2019. Umsóknum skal fylgja ítarleg starfsferilskrá og kynningabréf. Ráðning er frá 12. ágúst 2019.



Fjölbrautaskólinn við Ármúla auglýsir eftir kennara í félagsfræði

Kennari í félagsfræði, 75% starf

Umsóknarfrestur er til og með 20. júní 2019.

Umsókn skal senda til Krístrúnar Birgisdóttur, aðstoðarskólameistara sem einnig veitir nánar upplýsingar (sími: 525 8800), netfang: kb@fa.is.

Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

Á heimasíðunni <http://www.fa.is> er að finna helstu upplýsingar um skólann og starfsemi hans.

Fjölbrautaskólinn við Ármúla
Magnús Ingvarson
Skólameistari

Þú finnur draumastarfið á

Job.is

GLÆNÝ OG
FERSK STÖRF
Í HVERRI VIKU



Forstöðumaður innlána og greiðslna

Við leitum að frábærum leiðtoga til að halda utan um og leiða deild innlána- og greiðslulausna, en þar starfar öflugt teymi við að innleiða, reka og þróa hugbúnaðarlausnir fyrir fjármálamarkaðinn.

Viðkomandi þarf að hafa ástríðu fyrir því að styðja við og leiða teymi til árangurs.

RB er traust og framsækið þjónustufyrirtæki á sviði upplýsingatækni enda höfum við þróað og innleitt fjölmargar lausnir fyrir fjármálamarkaðinn. Í dag vinnur fjölbreyttur og samhentur hópur hjá okkur að stórum verkefnum í upplýsingatækni ásamt því að tryggja að rekstur grunnkerfa fjármálafyrirtækja á Íslandi sé öruggur og tryggur.

HELSTU VERKEFNI

Dagleg stjórnun deildarinnar og virk þátttaka í stjórnun sviðsins.

Í því felst m.a.:

- Markmiðasetning fyrir eininguna og eftirfylgni markmiða
- Samskipti við viðskiptavini og yfirumsjón með þjónustu
- Áætlanagerð og eftirlit með afkomu deildarinnar
- Skapa tækifæri til tekjuöflunar, lækkunar kostnaðar og aukinnar skilvirkni
- Vinna með öðrum að því að skapa virði fyrir viðskiptavini okkar
- Fylgjast með þróun á fjármála- og upplýsingatæknimarkaði

HÆFNISKRÖFUR

- Háskólapróf sem nýtist í starfi
- Stjórnunarreynsla
- Starfsreynsla af fjármála- og/eða upplýsingatæknimarkaði æskileg
- Framúrskarandi samskiptahæfni og rík þjónustulund
- Metnaður, frumkvæði og jákvæðni

Umsóknarfrestur er til og með 10. júní og óskast umsóknir fylltar út á vefsvæði RB, www.rb.is.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Jón Helgi Einarsson, framkvæmdastjóri Kjarnalausna, jon.helgi.einarsson@rb.is, 569 8877.

Farið verður með umsóknir og fyrirspurnir sem trúnaðarmál.



Vopnafjarðarskóli auglýsir

Vopnafjarðarskóli auglýsir laus störf kennara næsta skólaár. Kennslugreinar eru smíðar, íþróttir, danska og almenn kennsla. **Umsóknarfrestur er til 6. júní**
Upplýsingar hjá skólastjóra, sími 470-3251, 861-4256, netfang: adalbjorn@vopnaskoli.is



Súðavíkurskóli Laus störf skólaárið 2019 -2020

Súðavíkurskóli er samrekin leik- grunn-, og tónlistarskóli með u.þ.b. 30 nemendum, þar sem unnið er eftir Uppbyggingarstefnunni og starfið hverfist um einkunnarorðin: **Velliðan - Virðing – Framfarir – Heiðarleiki.** Þá er lögð áhersla á fjölbreytta og sveigjanlega kennslu-hætti, velliðan nemenda og samvinnu starfsmanna.

Núna er laus staða leikskólakennara við leikskóladeildina og staða kennara við grunnskóladeildina. Meðal kennslugreina er íslenska, samfélagsfræði, valgreinar, náttúrufræði, uppl.-og tæknimennt, danska, lífsleikni og íþróttakennsla í 0.-10.bekk. Helstu hæfnis-kröfur eru kennarmenntun, leikskólamenntun eða sambærileg menntun. Hæfni í mannlegum samskiptum, jákvæðni, frumkvæði og sjálfstæði í starfi. Reynsla af sambærilegum störfum.

Umsóknarfrestur er til 21. júní 2019

Súðavíkurhættur greiðir laun eftir kjarasamningi KÍ og Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Allar nánari upplýsingar veitir Anna Lind Ragnarsdóttir skólastjóri. Umsóknir, ásamt ferilskrá, meðmælum og umsagnaraðilum sendist á annalind@sudavikurskoli.is sími. 8934985



Verkefnastjóri í upplýsingatækni - Nýsköpunarmiðja

Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar auglýsir starf verkefnastjóra í upplýsingatækni í Nýsköpunarmiðju menntamála en um er að ræða tímabundið starf til þriggja ára. Skóla- og frístundasvið veitir börnum og fjölskyldum í borginni heildstæða þjónustu og annast m.a. rekstur 36 grunnskóla, 62 leikskóla, 5 frístundamiðstöðva, starfsemi Námsflokka Reykjavíkur og skólahljómsveita.

Starfið felst í að styðja við innleiðingu nýrrar menntastefnu Reykjavíkurborgar „Látum draumana rætast“ og fylgja eftir áherslum í stefnu um notkun upplýsingatækni í skóla- og frístundastarfi. Verkefnastjórinn veitir tækni- og kennslufræðilega ráðgjöf og fræðslu til stjórnenda og starfsfólks um notkun upplýsingatækni, stuðlar að samstarfi milli aðila og styður við þróun og nýsköpun. Næsti yfirmaður er deildarstýra Nýsköpunarmiðju menntamála á skóla- og frístundasviði.

Helstu verkefni og ábyrgð

- Styðja við markvissa, fjölbreytta og ábyrga notkun upplýsingatækni í anda menntastefnu Reykjavíkur.
- Taka þátt í samstarfi við upplýsingatæknideild og önnur svið borgarinnar um notkun tækni í skóla- og frístundastarfi.
- Veita þjónustu, ráðgjöf og fræðslu til stjórnenda og starfsfólks um notkun upplýsingatækni.
- Styðja við þróun náms-, kennslu- og starfshátta með notkun nýrrar tækni.
- Styðja við frumkvöðlastarf og nýsköpun.
- Stuðla að markvissu samstarfi innan sem utan borgarinnar um notkun upplýsingatækni og miðlun góðra fyrirmýnda.

Hæfniskröfur

- Menntun á sviði uppeldis-, tólmunda- og/eða kennslufræða.
- Framhaldsmenntun sem nýtist í starfi s.s. upplýsingatækni og kennsluráðgjöf.
- Reynsla af þróun og innleiðingu UT í skólastarfi.
- Reynsla af fjölbreyttri notkun UT í skóla- og/eða frístundastarfi.
- Fjölbreytt starfsreynsla í skóla- og frístundastarfi.
- Lípurð og sveigjanleiki í samskiptum.
- Skipulagshæfileikar og sjálfstæði í vinnubrögðum.
- Hæfni til að tjá sig í ræðu og riti á íslensku.
- Góð enskukunnátta.
- Jákvæðni og áhugi á að vinna í skapandi og metnaðarfullu umhverfi.
- Vilji og frumkvæði til að leita nýrra framsækinnna leiða í skóla- og frístundastarfi.

Umsókn fylgi yfirlit yfir nám og fyrri störf og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

Ráðið verður í starfið frá 1. ágúst nk. eða eftir samkomulagi og er umsóknarfrestur til og með 11. júní nk.

Laun eru samkvæmt kjarasamningi Reykjavíkurborgar og viðkomandi stéttarfélags. Umsækjendur eru beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Reykjavíkurborgar: www.reykjavik.is/storf.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Fríða Bjarney Jónsdóttir í síma 4111111 og tölvupósti frida.b.jonsdottir@reykjavik.is

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir borgarinnar endurspegli það margbreytilega samfélag sem borgin er.

Í öllu starfi skóla- og frístundasviðs er unnið að innleiðingu Menntastefnu Reykjavíkur „Látum draumana rætast“ þar sem leiðarljósinn eru virkni og þátttaka barna, aukid samstarf og fagmennska.

RÁÐGJAFI

á sviði starfsendurhæfingar



VIRK Starfsendurhæfingarsjóður í samvinnu við Verkalýðs- og sjómanna-félag Keflavíkur leitar að ráðgjafa í 100% starf með starfsstöð í Reykjanesbæ. Um er að ræða mjög krefjandi og fjölbreytt starf og einstakt tækifæri til þátttöku í þróun og þjónustu á sviði starfsendurhæfingar á vinnumarkaði.

Helstu verkefni

- Ráðgjöf, stuðningur og hvatning við einstaklinga með skerta starfsgetu
- Upplýsingaöflun, skráning og mat samkvæmt gildandi verkferlum
- Umsjón og eftirfylgd með einstaklingsbundnum áætlunum sem gerðar eru í samvinnu við þverfagleg teymi VIRK
- Vinnur í nánu samstarfi við sérfræðinga VIRK, fagaðila í starfsendurhæfingu og vinnustaði
- Samskipti við stéttarfélög og atvinnurekendur

Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólamenntun á sviði heilbrigðis- eða félagsvísinda, s.s. á sviði félagsráðgjafar, hjúkrunar, iðjuþjálfunar, sálfræði eða sjúkráþjálfunar
- Viðtæk reynsla og þekking á sviði einstaklingsráðgjafar og/eða starfsendurhæfingar
- Framúrskarandi samskiptahæfni, jákvætt viðmót og þjónustulund
- Sveigjanleiki og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Skipulagshæfni og kostnaðarvitund
- Góð þekking á vinnumarkaði
- Gott vald á íslensku og ensku, bæði í ræðu og riti
- Kostur að vera pólskumælandi

Ráðgjafar VIRK starfa hjá stéttarfélögum samkvæmt samningi við VIRK. Að VIRK standa öll helstu samtök launamanna og atvinnurekanda á vinnumarkaði. Hlutverk VIRK er að efla starfsgetu einstaklinga í kjölfar veikinda eða slysa með árangursríkri starfsendurhæfingaráþingunni.

VIRK hefur í samstarfi við fagaðila, fyrirtæki og stofnanir skilað samfélagslegum ávinningi með aukinni þátttöku einstaklinga á vinnumarkaði og er leiðandi í rannsóknum og þróun á sviði starfsendurhæfingar.

Nánari upplýsingar um VSKF er að finna á vsfk.is og um VIRK á virk.is.

Við hvetjum karla jafnt sem konur til að sækja um störf.

Umsóknarfrestur er til og með 18. júní 2019.

Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að senda ítarlega ferliskrá á netfangið audur@virk.is

Nánari upplýsingar veita Auður Þórhallsdóttir hjá VIRK og Guðbjörg Kristmundsdóttir hjá VSKF.





Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið

Fjármálastjóri - Frístundamiðstöðin Kringlumýri

Frístundamiðstöðin Kringlumýri

Laus er til umsóknar staða fjármálastjóra frístundamiðstöðvarinnar Kringlumýri.

Frístundamiðstöðin Kringlumýri er staðsett í Síðumúla 23 í Reykjavík og þar vinna rúmlega 370 starfsmenn með fjölbreyttan bakgrunn. Frístundamiðstöðin Kringlumýri stendur fyrir viðamiklu frístundastarfi fyrir börn og unglunga á aldrinum 6 - 16 ára í Laugardals-, Háaleitis- og Bústaðahverfi. Gildi Kringlumýrar eru **Fagmennska - Fjölbreytileiki - Gleði**. Frístundamiðstöðin Kringlumýri starfrækir átta frístundaheimili fyrir börn á aldrinum 6-9 ára og fimm félagsmiðstöðvar fyrir unglunga á aldrinum 10-16 ára. Auk þess er Kringlumýri þekkingarmiðstöð í frístundastarfi fyrir fötluð börn og unglunga í Reykjavík ásamt því að starfrækja frístundaheimili og félagsmiðstöð fyrir börn og unglunga sem ganga í Klettaskóla. Fjármálastjóri hefur umsjón með fjármálum og rekstri frístundamiðstöðvarinnar og starfsstaða hennar. Starfið felur í sér eftirlit með daglegum rekstri frístundamiðstöðvar og starfsstaða hennar, gerir fjárhagsáætlanir, annast uppgjör og sér til þess að reksturinn sé innan fjárheimilda. Fjármálastjóri veitir stjórnendum og starfsmönnum frístundamiðstöðvarinnar ráðgjöf, eftirlit og upplýsingar er varðar rekstur, launa- og kjaramál. Fjármálastjóri er hluti af stjórnendateymi frístundamiðstöðvarinnar og skrifstofu frístundamála og tekur þátt í stefnumótun starfseminnar.

Helstu verkefni og ábyrgð

- Ber ábyrgð á stöðdeild frístundamiðstöðvarinnar.
- Áætlanagerð, tekjur, laun og annar kostnaður.
- Gjaldskrá, uppgjör, tekjuskil.
- Reikningagerð og samþykkt reikninga.
- Samþykkt reikninga í fjármálakerfinu Agresso.
- Gerð fjárhagsramma miðlægrar skrifstofu frístundamiðstöðvarinnar.
- Umsjón með reikningagerð, upplýsingagjöf og skráningu í upplýsingakerfinu Vala frístund.
- Eftirlit með launaskilum og samskipti við launadeild.

Hæfniskröfur

- Háskólapróf á sviði viðskipta eða rekstrar.
- Meistarapróf í viðskiptum og rekstri eða önnur viðbótarmenntun sem nýtist í starfi eða mikil starfs- og stjórnunarreyfsla á viðkomandi sérsviði.
- Reynsla af stjórnun, fjármálum og rekstri.
- Góð tölvukunnátta, excel, word, bókhalds og launakerfum.
- Reynsla af bókhalds- og launakerfum.
- Reynsla af opinberri stjórnsýslu æskileg.
- Hæfni í greiningu og framsetningu tölulegra upplýsinga.
- Hæfni í samskiptum á íslensku og ensku.
- Skipulögð, fagleg og nákvæm vinnubrögð.
- Frumkvæði í starfi.

Umsókn fylgi greinargerð, yfirlit yfir nám og fyrri störf.

Umsóknarfrestur er til og með 10. júní 2019 ráðið verður í stöðuna frá og með 1. ágúst 2019.

Hreint sakavottorð í samræmi við lög sem og reglur Reykjavíkurborgar.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Haraldur Sigurðsson í síma 411-5400 og tölvupósti haraldur.sigurds@reykjavik.is

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir borgarinnar endurspegli það margbreytilega samfélag sem borgin er.



Birgðavörður á Hvolsvelli

RARIK óskar eftir að ráða öflugan einstakling í starf birgðavarðar á öðrum af aðallagerum fyrirtækisins sem staðsetur er á Hvolsvelli. Við hvetjum bæði konur og karla til að sækja um.

Helstu verkefni

- Afgreiðsla lagerefnis
- Móttaka lagerefnis
- Skráning á birgðafærslum

Hæfniskröfur

- Reynsla af lagerstörfum æskileg
- Þekking á rafveituefni kostur
- Nákvæmni og skipulögð vinnubrögð
- Góð tölvukunnátta, reynsla af Dynamics Ax er kostur

Nánari upplýsingar veita Úlfar Ingvarsson Innkaupastjóri eða starfsmannastjóri RARIK í síma 528 9000. Umsóknarfrestur er til 18. júní 2019 og skal skila umsóknum með ferilskrá á www.rarik.is/atvinna.

RARIK ohf. er rekið sem opinbert hlutafélag í eigu ríkisins. Hlutverk RARIK er að dreifa raforku auk þess að afla, dreifa og annast sölu á heitu vatni. Starfsmenn RARIK eru um 200, aðalskrifstofa er í Reykjavík og um 20 starfsstöðvar eru dreifðar vítt og breitt um landið.



RARIK ohf • Dvergshöfða 2 • 110 Reykjavík • Sími 528 9000 • www.rarik.is



BAADER ÍSLAND ehf
Vegna aukinna verkefna leitum við eftir metnaðarfullum og skipulögðum vélvirkja í fullt starf.

Fjölbreytt verkefni og góð verkefnastaða.

- Reynsla af fiskvinnsluvélum er kostur
- Reynsla af suðu er kostur

Hæfniskröfur:

- Sveinspróf í vélvirkjun
- Reynsla úr faginu
- Frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð

Hvetjum konur jafnt sem karla til að sækja um.

Áhugasamir sendi umsókn með ferilskrá á antonia@baader.is



Laus störf hjá Kópavogsbæ

Kynntu þér fjölbreytt og spennandi störf á heimasíðu okkar www.kopavogur.is

Hjá leikskólum Kópavogs er óskað eftir leikskólakennurum, deildarstjórum og sérkennslustjóra.

Í grunnskólum Kópavogs er óskað eftir leiklistar- og danskennara, tónmenntakennara, dönskukennara, samfélagsfræðikennara, frístunda- leiðbeinendum í félagsmiðstöðvar, íþróttakennara í hlutastarf, upplýsingatæknikennara ásamt umsjónarkennurum á yngsta stig og miðstig.



Kópavogsbær

kopavogur.is



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS

LAUS STAÐA

Sinfóníuhljómsveit Íslands auglýsir lausa til umsóknar stöðu leiðara í fagottdeild frá og með ágúst 2019.

STAÐA LEIÐARA Í FAGOTTDEILD

Hæfnispróf fer fram 21. ágúst 2019 í Hörpu

Einleiksverk:

1) Mozart: Fagottkonsert í B dúr, K.191.
1. og 2. kafli.

2) Saint-Saëns: Fagottsónata op. 168.
1. og 2. kafli.

Umsóknarfrestur er til og með **17. júní 2019**.

Umsóknir, ásamt ferilskrá og fylgiskjölum, skulu berast til Unu Eyþórsdóttur, mannauðsstjóra (starf@sinfonia.is).

Hljómsveitarpartar verða aðgengilegir þátttakendum að minnsta kosti tveimur vikum fyrir hæfnispróf.

Nánari upplýsingar er að finna á vefsvæði Sinfóníuhljómsveitar Íslands www.sinfonia.is og hjá mannauðsstjóra (starf@sinfonia.is) í síma 898 5017.



MENNTASKÓLINN
ÁSBRÚ · GAMEDEV

Auglýst er eftir umsóknum til kennslu í tölvuleikjagerð.

Gerð er krafa um háskólamenntun í tölvuleikjagerð og fullgild kennsluréttindi á framhaldsskólastigi í viðkomandi kennslugrein.

Við hvetjum jafnt konur sem karla til þess að sækja um.

Forstöðumaður brautarinnar veitir nánari upplýsingar og tekur við umsóknum í netfanginu nanna@keilir.net.

Umsóknarfrestur er til og með 7. júní 2019.
Fullum trúnaði heitið.



Keilir
Miðstöð vísinda,
fræða og atvinnulífs

MENNTASKOLINN.IS



Framkvæmdastjóri - Samhjálp

Samhjálp, meðferðar- og hjálparstofnun, auglýsir laust til umsóknar starf framkvæmdastjóra.

Helstu verkefni:

- Yfirumsjón með daglegum rekstri.
- Stefnumótun í samráði við stjórn.
- Samskipti við opinbera aðila.
- Hefur með eftirlit og stýrir allri fjáröflun sem framkvæmd er í nafni Samhjálp.
- Starfsmannamál.

Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólamenntun eða önnur menntun sem nýtist í starfi.
- Leiðtogaþæfni og hæfni í mannlegum samskiptum.
- Skipulagshæfni.
- Framkvæði og sjálfstæði í starfi.
- Áreiðanleiki, trúmennska og árangurs- og þjónustumiðað viðhorf.
- Hæfni til að vinna í mörgum verkefnum í einu.
- Hæfni til að tjá sig í ræðu og riti.
- Þekking á áfengis- og vímuefnameðferð.
- Reynsla í stjórnun.
- Um er að ræða fullt starf.

Umsóknarfrestur er til og með 14. Júní 2019.

Umsókn óskast send á umsokn@samhjalp.is. Henni þarf að fylgja starfsferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur veittur fyrir hæfi í starfið.

Farið verður með allar umsóknir og fyrirspurnir sem trúnaðarmál.

Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Guðfinna Helgadóttir formaður stjórnar sími 897 4935

Samhjálp var stofnað árið 1973. Samhjálp rekur meðferðarheimili í Hlaðgerðarkoti, fimm áfangahús, nytjamarkað, símaver, skrifstofu og kaffistofu fyrir þá sem minna mega sín. Starfsmenn Samhjálp eru 22.

Nánari upplýsingar um Samhjálp má nálgast á www.samhjalp.is



SAMVERK OG BÖRKUR

ÓSKA EFTIR STARFSFÓLKI

Glerverksmiðjan Samverk og Trésmiðjan
Börkur óska eftir starfsfólki á söluskrifstofu
fyrirtækjanna að Smiðjuvegi.

Ráðgjöf og sala

Starfslýsing

- Ráðgjöf og upplýsingar við sölu á gluggum og hurðum
- Tilboðsgerð og eftirfylgni
- Vettvangsskoðun á verkstaði

Hæfniskröfur

- Reynsla af sölu og þjónustu
- Gott vald á íslensku, talaðri sem ritaðri
- Jákvætt hugarfar og sjálfstæð vinnubrögð
- Menntun eða reynsla af iðnaðarstörfum er kostur

Óskir um nánari upplýsingar um starfið og umsóknir sendist á: umsoknir@samverk.is.

Umsóknarfrestur er til 11. júní 2019.



Söluskrifstofur | Smiðjuvegi 2 | 201 Kópavogur | Sími 488 9000 | www.samverk.is | www.borkur.is



Starfatorg.is

Laus störf hjá ríkinu og upplýsingar um málefni ríkisstarfsmanna

Starf	Stofnun	Staður	Nr. á vef
Hjúkrunarfræðingur	Heilbrigðisstofnun Vestfjarða	Ísafjörður	201905/1149
Hjúkrunarfræðingur	Sjúkrahúsið á Akureyri	Akureyri	201905/1148
Fulltrúi fræðslu- og kynningarmála	Dómstólasýslan	Reykjavík	201905/1147
Lögfræðingur	Dómstólasýslan	Reykjavík	201905/1146
Lögfræðingur	Barnaverndarstofa	Reykjavík	201905/1145
Lektor á sviði fiskveiðistjórnunar	Háskólinn á Akureyri	Akureyri	201905/1144
Hjúkrunardeildarstjóri	Landspítali, kviðarh./þvagf.skurðlækn.	Reykjavík	201905/1143
Iðjupjálfi Geðheilsuteymi	Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins	Reykjavík	201905/1142
Fjölskyldufr. Geðheilsuteymi	Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins	Reykjavík	201905/1141
Íþróttfræðingur Geðheilsuteymi	Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins	Reykjavík	201905/1140
Doktorsnemi í kynjafræði	Háskóli Íslands, Stjórn málafræðideild	Reykjavík	201905/1139
Doktorsnemi í jarðeðlisfræði	Háskóli Íslands	Reykjavík	201905/1138
Verkstjóri - upplýsingatækni	Háskóli Íslands, Heilbrigðisvísindasvið	Reykjavík	201905/1137
Doktorsnemi í efnafræði	Háskóli Íslands	Reykjavík	201905/1136
Forstjóri Heilbrigðisst. Suðurlands	Heilbrigðisráðuneytið	Selfoss	201905/1135
Lífeindafræðingur	Heilbrigðisstofnun Norðurlands	Sauðárkrókur	201905/1134
Yfirjúkrunarfræðingur svæðis	Heilbrigðisstofnun Norðurlands	Sauðárkrókur	201905/1133
Yfirjúkrunarfræðingur	Heilbrigðisstofnun Norðurlands	Sauðárkrókur	201905/1132
Aðstoðarverkefnisstjóri	Framkvæmdasýsla ríkisins	Reykjavík	201905/1131
Leiðandi verkefnastjóri	Framkvæmdasýsla ríkisins	Reykjavík	201905/1130
Kennarar í rafiðngreinum	Fjölbrautaskóli Vesturlands	Akranes	201905/1129
Móttökuritari	Heilbrigðisstofnun Vesturlands	Borgarnes	201905/1128
Sálfræðingur	Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins	Kópavogur	201905/1127
Sjúkraliði/félagsliði	Landspítali, samfélagsgeðteymi	Reykjavík	201905/1126
Hjúkrunarfræðingur	Landspítali, samfélagsgeðteymi	Reykjavík	201905/1125
Hjúkrunarfræðingur	Heilsugæslan Seltj.nesi og Vesturbæ	Seltjarnarnes	201905/1124
Vinnustofukennari	Framhaldsskólinn á Laugum	Laugar	201905/1123
Skólafulltrúi	Framhaldsskólinn á Laugum	Laugar	201905/1122
Kennari á almennri braut	Framhaldsskólinn á Laugum	Laugar	201905/1121
Sérfr. póst- og fjarskiptamál	Samgöngu- og sveitarstj.ráðuneytið	Reykjavík	201905/1120

Pú finnur draumastarfið á

Job.is

GLÆNÝ OG
FERSK STÖRF
Í HVERRI VIKU





STARF Í BÖÐI - SÖLUSTJÓRI Á RADISSON BLU HÓTEL SÖGU

Laust er til umsóknar starf í sölu- og markaðsdeild Radisson BLU Hótel Sögu. Um er að ræða 100% stöðu.

Helstu verkefni:

- Auka sölu í öllum deildum í samstarfi við sölu og tekjustýringarteymi
- Skipuleggja og taka þátt í sölu- og markaðstengdum viðburðum
- Finna nýja viðskiptavini og markaði og fylgja eftir núverandi viðskiptum
- Markaðsgreining

Menntun og hæfni:

- Mikil þjónustulund og góð samskiptahæfni
- Íslensku og enskukunnátta skilyrði
- Reynsla af sambærilegu starfi
- Sjálfstæð vinnubrögð og drifkraftur
- Góð samningatækni
- Geta til að vinna undir álagi
- Þekking á bókunarkerfið Opera er kostur

Umsókn og ferilskrá sendist á netfangið: anna.jonsdottir@radissonblu.com í síðasta lagi 15. júní 2019



Við ráðum

Ráðum býður upp á ráðgjöf og ráðningarþjónustu sniðna að þörfum viðskiptavinarins.

Stjórnendaleit

Reynsla og gott tengslanet sérfræðinga Ráðum skilar árangri þegar finna þarf æðstu stjórnendur eða fólk í stjórnir fyrirtækja.

Ráðningar millistjórnenda og sérfræðinga

Góður gagnagrunnur, gott tengslanet og áralöng reynsla á ráðningarmarkaði eykur líkurnar á því að finna hæfasta einstaklinginn í starfið.

Almennar ráðningar á markaði

Öflun umsækjenda í almenn störf er ein helsta áskorun fyrirtækja í dag. Þekking á markaðnum er því mikilvæg og þar skiptir reynslan miklu máli. Með leit í gagnagrunni eða auglýsingu í viðeigandi miðlum aðstoðar Ráðum fyrirtæki við að finna hæfasta einstaklinginn í starfið.

Sveigjanleg nálgun

Sérstaða Ráðum liggur í sveigjanlegri nálgun á ráðningarverkefnið. Fyrir utan að sjá um allt ráðningarferlið komum við til móts við þarfir fyrirtækja með því að sjá um hluta þess ef þörf krefur, t.d. bakgrunnskannar, hæfnismat eða starfstengdar æfingar.

Matstæki

Ráðum notast við nýjustu aðferðir við að meta hæfni og persónuleikabætti sem geta skipt sköpum í ráðningum. Ráðum er í samstarfi við bandaríska mannauðslausnafyrirtækið CEB sem er í fararbroddi í persónuleikaprófum og öðrum matstækjum sem eru sérstaklega hönnuð til að greina sérstöðu og hæfileika einstaklinga áður en ráðning fer fram.

Þannig er hægt að finna hæfasta einstaklinginn með talsverðri nákvæmni. Persónuleikamatið OPQ32 og DSI (Dependability & Safety Index) skimunarprófið hafa t.d. verið stöðluð og staðfærð að íslenskum markaði.

Ráðgjöf við starfslok

Viðskilnaður fyrirtækis við starfsmann skiptir höfuðmáli þegar fyrirtækið á frumkvæðið að starfslokum. Ráðum býður upp á viðtal við ráðgjafa sem felur m.a. í sér upplýsingar um atvinnumarkaðinn, ráðgjöf varðandi starfsferilskrá og kynningarbréf og hagnýt atriði varðandi starfsleit og atvinnuviðtöl.



Íþróttakennari Leikskólakennari

Kennarastöður við Húnavallaskóla

- **Staða íþrótt- og sundkennara, 100% staða.**
- **Staða leikskólakennara við leikskóladeild, 100% staða.** Leikskólaliði eða starfsmaður með aðra menntun sem nýttist í starfi og/eða reynslu af vinnu með ungum börnum kemur til greina.

Húnavallaskóli er staðsettur rétt fyrir utan Blönduós og er samrekin leik- og grunnskóli. Í grunnskólanum eru tæplega 40 nemendur og í leikskólanum 19, gott íþróttahús, sundlaug og heitur pottur eru í og við húsnæðið. Kennir er í fjórum námshópum 1.-3. bekkur, 4.-6. bekkur, 7.-8. bekkur og 9.-10. bekkur.

Ein deild er á leikskólanum og eru nemendur frá níu mánaða aldri.

Leitað er eftir jákvæðum, duglegum, sveigjanlegum og metnaðarfullum einstaklingum, bæði körlum og konum með góða skipulagshæfni ásamt góðri hæfni í mannlegum samskiptum.



Umsóknarfrestur er til 21. júní nk.

Umsóknir skulu sendar á netfangið skolastjori@hunavallaskoli.is eða til skólustjóra Húnavallaskóla, Húnavöllum, 541 Blönduós.

Nánari upplýsingar:

Sigríður B. Aadnegard í síma 455 0020 og 8472 664 eða í gegnum netfangið skolastjori@hunavallaskoli.is



Húnavatnshreppur

hunavatnshreppur.is

ráðum
ráðningarstofa

WWW.RADUM.IS | 519 6770 | RADUM@RADUM.IS

Störf hjá dómstólasýslunni

Lögfræðingur

Dómstólasýslan leitar að kröftugum lögfræðingi til að starfa á skrifstofu dómstólasýslunar. Leitað er að áhugasömum einstaklingi sem er tilbúinn að vinna að skilgreindum verkefnum auk þess að ganga í þau verk sem vinna þarf á litlum vinnustað sem er í þróun.

Helstu verkefni og ábyrgð

- » Stuðla að samræmdu verklagi innan dómstólanna og eftirlit með framkvæmd reglna sem settar hafar verið af dómstólasýslunni á grundvelli ákvæða laga um dómstóla
- » Umsjón og ráðgjöf á sviði persónuverndarlöggjafar
- » Tilnefning sérfróðra meðdómsmanna
- » Umsjón með svörun erinda er varða starfsemi dómstólasýslunar
- » Aðstoð við nefndir er hafa aðsetur hjá dómstólasýslunni.

Hæfnikröfur

- » Fullnaðarnám í lögfræði með embættis- eða meistaraþrófi
- » Að lágmarki tveggja ára reynsla sem lögfræðingur
- » Þekking á stjórnisýslurétti nauðsynleg
- » Reynsla og þekking af starfsemi dómstóla æskileg
- » Mjög gott vald á íslensku og færni til að tjá sig í ræðu og riti
- » Mjög gott vald á einu Norðurlandamáli og ensku og færni til að tjá sig í ræðu og riti
- » Góð tölvufærni
- » Frumkvæði, drifkraftur og jákvæðni
- » Skilvirkni, traust og nákvæmni í vinnubrögðum
- » Mjög góð samvinnu- og samskiptahæfni

Fulltrúi fræðslu- og kynningarmála

Dómstólasýslan leitar að drifandi einstaklingi sem hefur brennandi áhuga á fræðslumálum og getu til að leiða mótun og framkvæmd fræðsluáætlunar fyrir dómstólasýsluna og dómstóla landsins og er auk þess fús að ganga í þau verk sem vinna þarf á litlum vinnustað sem er í þróun.

Helstu verkefni og ábyrgð

- » Greining fræðsluþarfa dómara og starfsmanna dómstólanna. Skipulagning símenntunar og eftirfylgd fræðslu- og kynningaráætlunar
- » Skipulagning funda og ráðstefna
- » Umsjón með vef dómstólasýslunar www.domstolar.is, skrif fréttar og annars efnis á vef.
- » Umsjón með útgáfu ársskýrslu dómstólasýslunar og dómstólanna.
- » Samstarf við innlenda og erlenda fræðsluaðila og fylgjast með nýjungum á sviði fræðslu- og kynningarmála

Hæfnikröfur

- » Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- » Þekking og reynsla af fræðslumálum nauðsynleg
- » Mjög gott vald á íslensku og einu Norðurlandamáli og færni til að tjá sig í ræðu og riti
- » Góð kunnátta í ensku
- » Góð tölvufærni. Þekking og reynsla af vefumsjónarkerfum æskileg
- » Skilvirkni og nákvæmni í vinnubrögðum
- » Frumkvæði, drifkraftur og jákvæðni
- » Mjög góð samvinnu- og samskiptahæfni

Um dómstólasýsluna

Dómstólasýslan er sjálfstæð stjórnisýslustofnun sem stafar á grundvelli ákvæða laga um dómstóla nr. 50/2016.

Eitt meginhlutverk hennar er að annast og vera í fyrrisvari fyrir sameiginlega stjórnisýslu dómstólanna allra með það að markmiði að efla og styrkja sameiginlega stjórnisýslu þeirra og um leið stuðla að samræmingu í framkvæmd er varðar innri starfsemi allra dómstíganna þriggja. Dómstólasýslan gerir tillögur um hvað eina sem getur orðið til úrbóta í störfum dómstóla og löggjöf sem um þá gilda.

Nánari upplýsingar

Nánari upplýsingar veitir Ólöf Finnsdóttir framkvæmdastjóri í síma 432 5010. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu liggur fyrir. Umsókn skal fylgja starfsferilskrá og kynningarbréf þar sem umsækjandi gerir grein fyrir ástæðu umsóknar og hæfni viðkomandi til að gegna starfinu.

Athygli er vakin á því að umsóknir munu gilda í 6 mánuði frá því að umsóknarfrestur rennur út. Um fullt starf er að ræða. Laun greiðast samkvæmt kjarasamningi Stéttarfélags lögfræðinga við fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs.

Sótt er um starfið á starfatorg.is.

Umsóknarfrestur er til og með 18. júní nk.



Brennur þú fyrir geðheilbrigðismálum!

Geðheilsuteymi HH leita eftir ípróttfræðingi, fjöldskyldufræðingi og iðjuþjálfra til starfa. Um er að ræða framtíðarstörf, starfshlutföll 100% og starfað er þvert á teymin.

Geðheilsuteymi HH eru þverfagleg og þar starfa ýmsar starfsstéttir, m.a. geðlæknar, geðhjúkrunarfræðingar, geðsjúkraliðar, sálfræðingar, þjónustufulltrúar, félagsráðgjafar, notendafulltrúar og félagsleg liðveisla.

Hjá Geðheilsuteyminum HH er einstaklingurinn í fyrirrúmi.

Þjónusta teymanna er heildræn og notendamiðuð og lögð er áhersla á samþætta nálgun. Teymin hafa að leiðarljósi að skoða alla þætti sem hafa áhrif á geðheilsu.

Einstaklingurinn er í fyrirrúmi, óskir hans, gildi og þarfir.

Stuðst er við gagnreyndar aðferðir og árangur er metinn reglulega. Áhersla er lögð á þróun og þær leiðir í meðferð sem einstaklingurinn þarfnast hverju sinni.

Geðheilsuteymin hafa batahugmyndafræðina að leiðarljósi.

Batahugmyndafræðin leggur áherslu á að viðhalda von og skapa betra líf með því að byggja á styrkleikum.

Ípróttfræðingur

Helstu verkefni og ábyrgð

- Fjölbreytt meðferðarstarf með áherslu á hreyfingu og lífsstíl
- Virk þátttaka í fjölbreyttu fræðslustarfi
- Umsjón, eftirfylgd og hvatning með einstaklingsmiðuðum áætlunum
- Leiðbeinir og þjálfar notendur í heilsuefandi lífsstíl
- Skipuleggur og heldur námskeið fyrir notendur geðheilsuteyma

Iðjuþjálfari

Helstu verkefni og ábyrgð

- Skipuleggur einstaklingsmiðaða iðjuþjálfun með vitjunum í heimahús
- Metur færni notenda við athafnir daglegs lífs
- Metur þörf fyrir þjónustu og stuðning
- Leiðbeinir og þjálfar notendur í athöfnun daglegs lífs
- Fræðsla og stuðningur við notendur og aðstandendur
